

Mat á útiveru 2022-2023

Framkvæmd

Matið var framkvæmt í jan- mars 2023. Rýnihópar barna studdust við myndrænan stuðning. Börnin tóku afstöðu til ýmissa þátta útiverunnar með tilliti til þess hvað þeim þótti skemmtilegt, hvað þeim þótti leiðinlegt og hvað var hlutlaust að þeirra mati. Kennarahópurinn svaraði spurningakönnun á deildarfundum.


Rýnihópar Barna

Helstu niðurstöður eru að börnin eru almennt jákvæð gagnvart útiveru. Rólurnar, rassapötur og krítar þóttu skemmtilegastar en drullumall og sull í vatni var ekki jafnvinsælt. Í athugasemdum barnanna kom fram að þeim þætti það sóðalegt, óþægilegt að blotna eða einfaldlega "ógeðslegt" eins og ein stúlka orðaði það.

Börnin voru einnig spurð um afstöðu sína til mismunandi veðuraðstæðna. Það leiddi í ljós að börnin eru hrifnust af sól og snjó. Rigning og rok voru neðar á listanum, þó að hluti hópsins hafi sagt að rigningin sé skemmtileg.

Viðfangsefni	Svör	Gaman		Hlutlaust		Leiðinlegt		Einkunn
Róla	41	34	83%	2	5%	5	12%	
Sandkassi	40	20	50%	13	33%	7	18%	
Drullumall	39	13	33%	7	18%	19	49%	
Trampólín	36	28	78%	5	14%	3	8%	
Prautabraut	41	22	54%	11	27%	8	20%	
Hengirúm	41	30	73%	8	20%	3	7%	
Kastalinn	39	32	82%	4	10%	3	8%	
Osturinn	39	24	62%	9	23%	6	15%	
Eldstæðið	18	12	67%	4	22%	2	11%	
Krítar	39	31	79%	5	13%	3	8%	
Sulla	38	19	50%	6	16%	13	34%	
Skógur	38	23	61%	6	16%	9	24%	
Fótbolti	29	18	62%	6	21%	5	17%	
Rassapotur	30	30	100%	0	0%	0	0%	
Leika með kennara	20	15	75%	4	20%	1	5%	
Gönguferð	30	24	80%	4	13%	2	7%	
Lundargarður	41	33	80%	4	10%	4	10%	
Gormur	11	0	0%	3	27%	8	73%	
Sól	29	26	90%	1	3%	2	7%	
Rigning	30	15	50%	4	13%	11	37%	
Snjór	30	19	63%	5	17%	6	20%	
Rok	30	13	43%	3	10%	14	47%	

Hlutfall svarenda sem sögðu að viðkomandi viðfangsefni væri gaman



Kennarahópurinn

Í svörum kennarahópsins kom fram að á öllum deildum er leitast við að fara út að lágmarki einu sinni á dag og í svörunum kom fram að kennurum finnst mikilvægt fyrir börnin að komast út daglega og finna fyrir óróleika í barnahópnum ef útivera fellur niður. Lengd útiverunnar ræðst bæði af aldri barnanna og veðuraðstæðum hverju sinni.

Kennarar voru beðnir að taka afstöðu til þess að skipta barnahópnum upp í minni hópa í útiveru. Flestir höfðu gert eitthvað af því, en mikill meirihluti lýsti vilja til þess að gera meira af því. Almennt var talið að með minni hópum sköpuðust betri námstækifæri og aðgengi að vinsælum svæðum væri einfaldara.

Kennarar höfðu nokkuð svipaða upplifun af vinsældum leiksvæða og leikefnis og börnin. Kennararnir töldu þó að drullumallsvæðið væri meira notað en kemur fram í mati barnanna.

Kennarar lýstu yfir áhuga á að nota vatnskarið meira en hefur verið, einnig að nýta grasflötina til boltaleikja og annarra hópleikja. Þá komu fram óskir um að bæta við meiri verðlausum efnivið í útiveruna og að mála stéttina upp á nýtt.

Almennt telja starfsmenn að virkni starfsmanna í útiveru sé nokkuð góð en telja jafnframt að enn sé rými til bætinga.

Leikir barnanna eru ólíkir og tengslin milli barnanna eru önnur úti en inni að mati kennara. Börnin eru frjálssari, fá góða útrás og lenda síður í árekstrum utandyra.

Vinnuaðstæður í útiverunni teljast nokkuð góðar, þó nefndu kennarar að bæta þyrfti aðgengi að leikfangaskúr. Veður og vindar virðast hafa nokkuð mikil áhrif á upplifun starfsmanna í útiveru og þeir veigra sér jafnvel við að fara út ef kalt er í veðri eða mikil rigning. Starfsfólk nefnir gjarnan að það hindri þau í að fara út ef börnin eru ekki með hlífðarfatnað við hæfi og þau njóti sín ekki í útiverunni.

Samantekt

Af þessum niðurstöðum má sjá að börn og kennarar eru almennt nokkuð jákvæð gagnvart útiveru og telja að garðurinn okkar bjóði upp á mörg góð námstækifæri.

Umbætur

- Auka mætti dreifingu barnanna milli svæða með því að kynna þau fyrir minna vinsælum svæðum og koma með spennandi leikboð þar.
- Brýna fyrir foreldrum að börnin komi með útiföt við hæfi í leikskólann svo þau geti notið sín sem best.
- Tryggja að öll börn fái útiveru alla daga, starfsfólk noti fatapeninga til að útvega sér hlífðarfatnað við hæfi.
- Aðgengi að skúr verði lagað með því að raða upp á nýtt í hann og henda því sem ekki er í notkun.
- Bæta verðlausum efnivið við leikfangaframboð í garðinum.
- Mála stéttina upp á nýtt sumar 2023.

Apríl 2023

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir tók saman